

## Nefndarálit

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001,  
með síðari breytingum (eiginfjármarkmið og ráðstöfun hagnaðar).

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands með það að markmiði að tryggja bankanum fjárhagslegt sjálfstæði og færa fjárhagsleg samskipti ríkissjóðs og Seðlabankans í fastmótaðra form en nú er. Frumvarpið var áður lagt fram á síðasta löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Það er nú endurflutt með nokkrum breytingum, en undirbúningur frumvarpsins hefur frá upphafi verið á hendi vinnuhóps sem fjármálaráðuneyti og Seðlabanki Íslands komu á fót í ársbyrjun 2012.

Minni hlutinn gerir athugasemd við hversu seint málið barst til Alþingis. Það er fyrst 19. nóvember sl. sem málinu er vísað til efnahags- og viðskiptanefndar. Minni hlutinn telur að sá tími sem nefndin hafði til að skoða málið sé of lítil til að Alþingi geti með sómasamlegum hætti fullnægt rannsóknarskyldu sinni og tryggt fagleg vinnubrögð. Málið er einnig þannig fram sett og í þannig samhengi af hálfu stjórnarmeirihlutans að það setur Alþingi í verulegan vanda. Þetta stafar af því að gert er ráð fyrir tekjunum frá Seðlabankanum í frumvarpi til fjárukalaga sem lagt var fram og fjallað um á undan því máli sem hér hefur verið til umfjöllunar. Minni hlutinn leggur áherslu á að ótækt sé að setja Alþingi í slíka klemmu. Minni hlutinn telur engu síður að málið hafi tekið framförum frá því að það var lagt fram í vor en að mati minni hlutans gekk sú útgáfa sem lögð var fyrir þingið á vormánuðum ekki upp.

Eftir umfjöllun nefndarinnar um málið bendir minni hlutinn á að enn eru uppi viss álitamál um hvernig réttast sé að fara með færslur sem af þessum breytingum leiðir, bæði í reikningum Seðlabankans og ríkisins. Rétt er að benda á að bókfærsla þessa eignarhlutar verður með öðrum hætti en almennt á við um eign ríkisins í öðrum félögum og fyrirtækjum. Hugsanlega stendur það til bóta í kjölfar nýrra laga um opinber fjármál.

Það er mat minni hlutans að eðlilegri vinnubrögð hefðu verið að lögfesta fyrst rammann um ný eiginfjárviðmið Seðlabanka Íslands, láta því næst bankann og bankaráðið ganga frá þeim reglum og leggja þá mat á hvort og þá hve mikil tekjufærsla ætti að eiga sér stað hjá ríkissjóði vegna lækkunar á eigin fé Seðlabankans.

Minni hlutinn telur að sá asi sem er á því að tekjufæra 21 milljarð kr. af 26 milljarða kr. lækkun eigin fjár þegar á þessu ári sé allt annað en traustvekjandi, enda byggist tekjufærslan á „áætlun“ um hagnað af rekstri Seðlabankans á yfirstandandi ári. Ekki hefði þurft að byggja á „áætlun“ ef tekjufærslan hefði átt sér stað á næsta ári.

Minni hlutinn mun í ljósi þeirra sjónarmiða sem hér hafa verið rakin sitja hjá við afgreiðslu málsins og vísa ábyrgð á því á hendur stjórnarmeirihlutanum.

Alþingi, 10. desember 2014.

Steingrímur J. Sigfússon,  
frsm.

Árni Páll Arnason.

Guðmundur Steingrímsson.